

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 91/2009

frá 3. júlí 2009

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2009 frá 17. mars 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1298/2008/EB frá 16. desember 2008 um að koma á Erasmus Mundus 2009–2013 aðgerðaáætluninni um að auka gæði æðri menntunar og efla skilning á annarri menningu með samvinnu við þriðju lönd ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2009 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 4. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir málsgrein 2l:
„2m. EFTA-ríkin skulu taka þátt aðgerð 1 og aðgerð 3 í neðangreindri áætlun frá 1. janúar 2009:
– **32008 D 1298**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1298/2008/EB frá 16. desember 2008 um að koma á Erasmus Mundus 2009–2013 aðgerðaáætluninni um að auka gæði æðri menntunar og efla skilning á annarri menningu með samvinnu við þriðju lönd (Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 83).“
2. Texti 3. mgr. hljóði svo
„EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirra áætlana og aðgerða sem um getur í 1. og 2. mgr. og málsgreinum 2a, 2b, 2c, 2d, 2e, 2f, 2g, 2h, 2i, 2j, 2k, 2l og 2m, í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 82. gr. samningsins.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 28.5.2009, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 28.5.2009, bls. 35.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 83.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2009 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.

(*) **Stjórn**skipuleg skilyrði gefin til kynna.